

Ed.

561. Frumvarp til laga

[138. mál]

um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Eftir 1. gr. laganna komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Sjóðfélagar eru í lögum þessum taldir allir þeir, sem skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi tvær nýjar málsg., svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrir mæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

3. gr.

Aftan við 2. mgr. 7. gr. laganna komi: og skal verðmæti þeirra friðinda talið hið sama og þau eru metin til skatts.

4. gr.

Aftan við 8. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er sjóðfélaginn lét af.

5. gr.

Eftir 1. mgr. 9. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Þrátt fyrir örorku getur engin hjúkrunarkona fengið örorkulífeyri, meðan hún heldur jafnháum launum og hún áður hafði, hjá aðila, er tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

6. gr.

Síðasta mgr. 9. gr. laganna orðist þannig:

Örorkumatið skal framkvæmt af tryggingayfirlækni í samráði við landlækni, og skal það aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanfögnu.

7. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist þannig:

Ef sjóðfélagi deyr og lætur eftir sig börn eða kjörbörn, sem eru yngri en 16 ára, fá þau lífeyri úr sjóðnum, unz þau eru fullra 16 ára, enda hafi hin látna séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Eigi börnin foreldri eða kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, er lífeyrir hvers um sig 25% hærri en þær upphæðir, sem stjórnarráðið ákveður sem meðalmeðlag með börnum á þeirra aldri í Reykjavík á þeim tíma, er þau njóta lífeyris. Eigi börnin hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, eru lífeyrisupphæðirnar tvöfalt hærri.

8. gr.

Í stað orðsins „fósturbörn“ í 2. mgr. 10. gr. laganna komi: kjörbörn.

9. gr.

Aftan við 2. mgr. 10. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:
Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur haft á framfæri sínu 5 ár samfleytt eða frá því þau voru á fyrsta ári, skulu njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

10. gr.

11. gr. laganna falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

11. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvorir um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Vanræki launagreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyrissjóðnum.

12. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist þannig:

Starfstími hjúkrunarkvonna reiknast frá þeim tíma, er iðgjaldagreiðslur þeirra hefjast. Þó er heimilt að kaupa þeim réttindi fyrir fyrri starfstíma gegn gjaldi, er sjóðstjórnin ákveður í samráði við tryggingasérfræðing.

13. gr.

Eftir 13. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan skv. því):

Nú flyzt hjúkrunarkona, sem verið hefur í lífeyrissjóði hjúkrunarkvonna, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hennar vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi hjúkrunarkonu í sjóði þeim, er hún flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærrí upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er hún hafði öðlazzt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglur, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 18/1947, um breyt. á lögum nr. 103/1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvonna.

15. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvonna, og gefa þau út svo breytt.